

Reglugerð um mótanefnd Príþrautarsambands Íslands

1.gr

Skipun og starfshættir

Formaður mótanefndar skal kosinn til tveggja ára í senn á þríþrautarþingi. Formaður skal skipa 5 manna nefnd skipuð af aðilum frá aðildarfélögum ÞRÍ til eins árs.

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að minnsta kosti í tvígang að vori á fyrsta ársfjórðungi og áður en keppnistímabil hefst og einu sinni að hausti eftir keppnistímabil og fyrir uppskeruhátið. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Heimilt er að halda fundi í gegnum fjarfundarbúnað. Formaður nefndar annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð eða skipar ritara. Fundargerð er send til nefndarmanna til samþykktar og til stjórnar ÞRÍ til fyrirlestrar. Erindi til nefndarinnar skulu vera skrifleg og berast formanni ÞRÍ eða skrifstofu ÞRÍ sem tekur þau til afgreiðslu.

2.gr

Hlutverk og verkefni mótanefndar

- Að sjá um framkvæmd og hafa eftirlit með mótum á Íslandi.
- Vinna að tillögum um skammtíma og langtíma skipulag móta halds á Íslandi, sem og fyrirkomulag stigkeppni.
- Sjá til þess að aðildarfélög fastsetji dagsetningar móta eigi síðar en 1. október ár hvert til birtingar á uppskeruhátið ÞRÍ og skipi keppnisstjóra í framhaldi.
- Ákveði Íslandsmót í samvinnu við aðildarfélögini og út frá þeirra tilnefningum skv. 17. gr laga ÞRÍ.
- Sjá til þess að opnað sé fyrir skráningu í keppnir eigi síðar en 8 vikum fyrir auglýstan keppnisdag.
- Sjá um skipulag keppna á vegum ÞRÍ í samvinnu við starfsmann ÞRÍ.
- Annast skipulag uppskeruhátiðar í samvinnu við starfsmann ÞRÍ.
- Gera tillögu að vali á nýliða og þríþrautafólki ársins í samræmi við valreglur ÞRÍ .

Tillögur mótanefndar skulu lagðar fyrir stjórn ÞRÍ til samþykktar.

3.gr

Önnur störf

Mótanefnd skal annast sérhvert það verkefni sem stjórn ÞRÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

4. gr.

Ágreiningsmál

Stjórn ÞRÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

5. gr.

Gildistaka

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt af stjórn ÞRÍ 26.11.2023